

Ársskýrsla FFM
4. maí 2011

Í stjórn FFM þetta skólaár eru: Berglind Ósk Sigurðardóttir, Laufey Vilmundardóttir, Linda Birgisdóttir, Guðrún Benediktsdóttir, Guðrún Heiða Guðmundsdóttir, Gunnar Ellert Geirsson, Jóhanna Árnadóttir, Þórður Þorbjörnsson

Stjórn fundaði 1x í mánuði í vetur og er þetta 9. fundur.

Tengsl FFM við foreldra:

- Fundargerðir voru settar inn á heimasíðu skólans
- FFM skrifaði nokkrar línur í Mylluna
- Auglýsingar voru settar inn á heimasíðu skólans t.d. varðandi bekkjarfulltrúarfundi.
- Hringt var í foreldra og þeir hvattir til að koma á námskeið á vegum FFGIR í febrúar.
- Tölvupóstur sendur til allra með hvatningu að mæta á viðburði.

Störf með bekkjarfulltrúum:

- Á skólasetningu 1. bekkjar kynnti formaður FFM félagið og hvatti foreldra til að taka þátt í foreldrasamstarfi.
- Allir bekkjarfulltrúar fengu sendar upplýsingar um hlutverk þeirra en FFGIR sá um það.
- Í enda september var fyrri opni fundur stjórnar. Hann var opinn öllum foreldrum nemenda við skólann en bekkjarfulltrúar sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinn mættu 10.
- Um miðjan apríl var seinni opni fundur stjórnar. Á þann fund mættu 7. Báðir þessir fundir voru innihaldsríkir og góðar ábendingar komu fram.
- Fyrir fund með skólastjórnendum og nemendaráði í febrúar, gafst bekkjarfulltrúum tækifæri á að koma með ábendingar, engar bárust.
- Strax í haust tengdu stjórnarmenn sig við ákveðna bekkjarfulltrúa, með því markmiði að styrkja samstarf foreldra og kennara og foreldra innbyrðis.

Myllubakkaskólapeysur og –húfur.

- Foreldrum gafst tækifæri á að kaupa svarta hettupeysu og húfu með nafni og merki skólans.
- Áður en hettupeysurnar fóru í prentun fengu nemendur í 8. og 9. bekk, það verkefni að velja á milli tveggja lettra. Þau komu síðan með þá hugmynd að setja letrið á hægri ermi peysunnar. Merki skólans er framan á húfunni.
- Peysurnar og húfurnar voru keyptar af fyrirtækinu Bros.
- Ákveðið er að bjóða upp á peysur og húfur í upphafi næsta skólaárs.

Jólafondur:

- Jólafondrið í ár var haldið laugardaginn 27. nóvember. Keypt voru 5 gerðir af mismunandi fígúrum af fyrirtækinu Flingri hér í Reykjanesbæ. Stykkinn voru seld á kr: 300 og 500 og seld voru 111 stykki.
- Nemendur í 10. bekk voru með fjáröflun á sama tíma.

Gjöld og útgjöld:

FFM innheimtar ákveðna upphæð á heimili. Markmiðið er að það sem foreldrar greiða að hausti fá þeir til baka áður en skólaárinu lýkur. Útgjöld hafa farið í ýmsar ferðir, forvarnir og/eða gjafir sem nýtast nemendum. Þess má geta að á síðasta skólaári fékk skólinn peningaupphæð, sem var síðan notuð til að kaupa ljóskastara sem nýtist vel í leiklistarlífi skólans.

- Eins og undanfarin ár var innheimt í heimabanka.
- Hvert heimili fékk einn greiðsluseðil upp á kr: 1500.
- FFM styrkti rútuferð nemenda í 8.-10. bekk á forvarna leikritið "Hvað ef"
- FFM styrkti rútuferð á skólahreysti fyrir nemendur í 8.-10. bekk.
- FFM gáfu öllum nemendum 10. bekkjar rósir í barm eða á úlnið á hátíðarkvöldverði þeirra.
- FFM keypti svaladrykki sem voru í boði eftir glæsileg sýningaatriði á árshátíð skólans.
- FFM styrkti vorferð 10. bekkjar um kr: 50000. Nemendur eru búnir að vinna sér inn þann pening með því að taka þátt í útigæslu í frímínútum.
- Þegar þessi skýrsla er rituð er ekki búið að taka ákvörðun um þann pening sem er inná reikning félagsins.

Skóladagatöl á ensku og pólsku:

- Á skólasetningu voru skóladagatöl á ensku og pólsku afhend foreldrum nemenda í nýbúadeildinni. Er þetta í fyrsta sinn sem skóladagatöl fyrir allt skólaárið eru afhend á ensku og pólsku. Dagatölin eru unnin í samstarfi við FFGIR og voru nú í boði í öllum skólum Reykjanesbæjar.

Skólastjórnendur og nemendaráð:

- FFM óskaði eftir fundi með skólastjórnendum og nemendaráði og var hann haldinn 28. febrúar.
- Ýmsar hugleiðingar voru ræddar og nýttist skólanámskráin vel til að styðjast við.
- FFM óskaði eftir áframhaldandi samstarfi við nemendaráð.
- Gott samstarf var á milli FFM og skólastjórnenda.

FFGIR:

FFGIR er vettvangur þar sem foreldrafélögin setja fram stefnumið sín og vinna saman að ýmsum málum. FFGIR er málsvari foreldra grunnskólabarna í bæjarfélaginu og gefur umsagnir um ýmis málefni sem þá varðar. Öll verkefni FFGIR eru forvarnaverkefni. Markmið FFGIR er að: efla samstarf foreldra, efla samstarf heimila og skóla og vera málsvari foreldra.

- Fulltrúi stjórnar mætti á reglulega fundi FFGIR.
- Í samvinnu við FFGIR fengu öll börn í 1. bekk endurskinsvesti.
- Eins og fram hefur komið voru skóladagatölin á ensku og pólsku unnin í samstafi við FFGIR.
- Ýmsar kannanir og fyrirspurnir, sem lútu að velferð nemenda, var gerð á vegum FFGIR
- FFM hvatti foreldra til að mæta á málþing og námskeið sem FFGIR stóð fyrir í vetur. Málþingið var í október, í samvinnu við FFGIR og fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, og var yfirskriftin "Námsárangur barna-hvað geta foreldrar

gert”. Námskeiðið var í febrúar, en þá kom Helga Margrét Guðmundsdóttir frá Heimili og skóla, og var yfirskriftin “Vitund og vakning meðal foreldra”

Önnur verkefni FFM:

- Fulltrúi foreldra situr í skólaráði
- Fulltrúi foreldra situr í PBS teymi skólans.
- Foreldrahandbók félagsins var uppfærð og er á heimasíðu undir FFM.
- FFM tilnefndi Mylluvision í athafnaviku sem var dagana 15.-21. nóvember. Athafnavika tengir saman fólk og hugmyndir um allan heim, þvert á öll landamæri og menningarstrauma. Boðið var upp á fjölda viðburða sem hannaðir eru til þess að kynna fólki leiðir til að nýta hæfileika sína til nýsköpunar, athafnasemi og frumkvöðlahugsunar.
- Fatamarkaður skólans var haldinn tvisvar á fyrri önn. FFM og starfsfólk skólans, unnu saman að því verkefni. Boðið var upp á fatnað á lágu verði og í seinna skiptið voru frjáls framlög. Alls söfnuðust kr: 40000 og var sá peningur notaður til að kaupa bækur á ensku.

Á opnum fundi með stjórn var m.a. eftirfarandi rætt:

- á hvern hátt best sé að ná til bekkjarfulltrúa,
- hvetja foreldra með annað tungumál en íslensku til starfa í félaginu,
- aðbúnaður kennara/starfsfólks,
- lesskilningur á miðstigi,
- kennsluáttak í ákveðnum fögum,
- PBS,
- fíkniefnaneysla grunnskólanemenda,
- forvarnir,
- viðurkenningarskjöl,
- heimanám,
- PISA könnun.

Framundan:

- Vinna að velferð nemenda við skólann.
- Vinna í samstafi við skólastjórnendur.
- Styðja við bekkjarfulltrúarstarfið.
- Taka að sér verkefni sem hægt er að ljúka á einu skólaári.

Að lokum vil stjórn þakka jákvætt samstarf við skólastjórnendur og annað starfsfólk skólans. Myllubakkaskóli er notalegur skóli sem gott er að koma í. Þar er frábært starfsfólk sem er með mikinn metnað og meðvitað um að styðja nemendur út frá einkunnarorðum PBS og einkunnarorðum skólans: virðing, ábyrgð, jafnrétti og árangur.

Með kveðju

Formaður foreldrafélags Myllubakkaskóla, skólaárið 2010-2011.

Linda Birgisdóttir